

ARNA ÝRR SIGURÐARDÓTTIR

Síðasta kvöldmáltíðin í miklu upphaldi


• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



PÁSKAFERÐIR

Skíði, mót og skemmtidagskrár um land allt

Sérblað um páskaferðir
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Stórkostleg skáldsaga

Jón Ólafsson
www.forlagid.is

NÝ KILJA



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. apríl 2009 — 83. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Starfið öflugt frá upphafi

Hestamannafélagið Logi í Biskupstungum er 50 ára.

TÍMAMÓT 18



Spilar í Warhol-safni

Jóhann Jóhannsson heldur í tónleikaferð um Bandaríkin og semur tónlist fyrir bíómyndir.

FÓLK 24



„Vé heftú kill somþing!“

„Hann var að sýna sig: sýna útlendingnum veiðimann í sínu náttúrulega umhverfi“, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 16

Táningur kom United aftur á toppinn

Mikil dramatík var í enska boltanum um helgina.

ÍÞRÓTTIR 30



VEÐRIÐ Í DAG



VINDUR FYRIR VESTAN í dag verða NA 10-15 m/s norðvestan til, annars mun hægari. El á Vestfjörðum og fyrir norðan en rigning eða slydda sunnan og austan síðar í dag. Snjókomu nyrðra í kvöld.

VEÐUR 4

Ekki hægt að tryggja björgun allt árið

Landhelgisgæslan hefur verið án stóru björgunarþyrlna sinna í níu daga á þessu ári. Alvarlegt ástand sem er til frambúðar, segir forstjóri Gæslunnar.

ÖRYGGISMÁL „Staðreyndin er sú að björgunarflugur fjölga á næstu mánuðum og toppar yfir sumaríð. Þetta er því ekkert sérstaklega slæmt núna og það er pólitískt mál hvernig þetta mun þróast,“ segir Georg Lárússon, forstjóri Landhelgisgæslunnar (LHG).

Tvisvar á þessu ári hefur komið upp sú staða að TF-GNÁ og TF-LÍF, stóru Super Puma-björgunarþyrlur LHG, hafa verið óflughæfar á sama tíma. LÍF hefur verið frá síðan 5. janúar vegna skyldu-skoðunar en GNÁ hefur á þeim tíma bilað tvisvar: í sex daga í janúar og þrjú daga í lok mars. Við þessi skilyrði hefur LHG því aðeins haft minnstu þyrluna, TF-EIR, klára til að sinna útköllum.

Sú þyrla hefur takmarkaða flug- og burðargetu miðað við þær stærri, en hún getur tekið átta farþega auk fimm manna áhafnar. Algengt er að þrettán til fimmtán sjómenn séu í áhöfn minni togskipa. Áhafnir frystiskipa, sem eru að veiðum í öllum veðrum langt frá landi, telja tæplega þrjátíu menn.

Árni Bjarnason, forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins, segir að skert björgunargæta LHG þýði einfaldlega að sjómenn lifi við þá núturliga staðreynd að geta ekki gengið að því sem vísu að þeim verði komið til hjálpar lendi þeir í háska. Þá daga sem litla þyrlan var ein nothæf hafi skapast alvarlegt hættuástand. Hann

minnir á að TF-EIR taki aðeins átta farþega og áhafnir togskipa séu þrettán til þrjátíu manns.

Samkvæmt upplýsingum frá LHG er TF-EIR, sem ein var til taks í níu daga, bilanagjörn og erfið í viðhaldi. Hún er elst af þyrlunum þremur, flogin 11.000 flugtíma. TF-LÍF er flogin 4.100 tíma og GNÁ 2.700.

Skert þyrlubjörgunargæta LHG er til frambúðar, segir Georg. Lengi hafi legið fyrir að þrjár þyrlur gætu ekki tryggt þá þyrlubjónustu sem LHG vildi veita. Hann segir það pólitíska ákvörðun að fjölga þyrlunum en fjórðu þyrlunni var skilað 12. apríl 2008 í sparnaðarskyni.

- shá / sjá síðu 4



PÁFAGAUKARÁÐGJAFI Dána Lind Monzon aðstoðar fólk með stærri og smærri páfagauka.

Dána Lind Monzon:

Hjálpar fólki með páfagauka

FÓLK „Fólk þarf oftast ráðgjöf vegna vandræða með samband sitt og annarra fjölskyldumeðlima við fuglinn,“ segir Dána Lind Monzon páfagaukaráðgjafi.

„Við förum þá í gegnum æfingar og ég reyni að styrkja tengslin milli páfagauksins og heimilisfólks. Í þessari viku fer ég til að mynda á heimili þar sem fuglinn er afar hrifinn af telstu á heimilinu en vill ekki sjá kærastann hennar.“ Dána hefur síðastliðin ár aðstoðað fólk með stærri og smærri páfagauka. Algengara er þó að hún fari í vitjanir vegna stærri fuglanna.

- jma / sjá síðu 34

Ungur maður handtekinn:

Játaði á sig stórhættulega árás

LÖGREGLUMÁL Karlmaður um tvítugt játaði í gær að hafa slegið mann á svipuðu reki hefahöggi í leigubílaröð í Lækjargötu í fyrri-nótt. Þolandinn hlaut alvarlega áverka á höfði og liggur á gjörgæsludeild. Hann var í öndunarevél um tíma og var ekki kominn til meðvitundar í gærkvöldi.

Maðurinn var handtekinn síðdegis í gær eftir ábendingu frá vitni. Enginn annar er grunaður í málinu. Að sögn lögreglu slasaðist fórnarlambið ekki eins alvarlega og óttast var í fyrstu og er á batavegi. Málið telst upplýst. Ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir árásarmanninum.

- sh



RÆDDU JARÐHITAMÁL Vel fór á með þeim Össuri og Obama forseta á fundinum í Strassborg á laugardag.

MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra átti viðræður við Bandaríkjaforseta:

Obama lýsir áhuga á samstarfi

UTANRÍKISMÁL Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Strassborg um helgina átti Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra viðræður við Barack Obama Bandaríkjaforseta um nánara samstarf ríkjanna tveggja á sviði jarðhitavinnslu.

Að því er segir í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu lýsti Obama miklum áhuga á slíku samstarfi og kvaðst þekkja til forystu Íslands á því sviði. Hann sagði ríkisstjórn sína mjög einbeitta í því að þróa endurnýjanlega orkugjafa til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og skapa ný „græn“ störf.

Áður en leiðtogafundinum lauk útnefndi Obama einn af helstu ráðgjöfum sínum sem sérstakan tengil skrifstofu sinnar í Hvíta húsinu við Ísland á þessu sviði.

Í lokaályktun leiðtogafundarins er Íslendingum þakkað frumkvæði í umræðum innan bandalagsins um öryggismál á norðurslóðum. Í ávarpi sínu á fundinum lagði Össur áherslu á að við þróun nýrrar framtíðarsýnar NATO yrði sérstaklega tekið tillit til vaxandi mikilvægis norðurslóða og heimskautasvæðanna.

- aa

muundu eftir mjólkinni!
muu

Kafbátur mánaðarins
TÚNFISKBÁTUR
SUBWAY
6 tommu bátur 349 kr.
Gildir í apríl 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stórumáli

6 DAGAR TIL PÁSKA
NÓI SÍRUS

Kveiktu á verðinu!

Öllum símatilboðum Nova fylgir 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði. Tilboðin gilda í áskrift og frelsi. Taktu númerið með þér og skiptu núna!

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkort + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er óþýrara að staðgreiða!

Netið í símann
0 kr. í áskrift og 19 kr. í frelsi.
250 MB/mán. í áskrift og 5 MB/dag í frelsi.



Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

3.900 kr. útborgun

Nokia 5320

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.


Staðgreitt: 27.900 kr.

Litur: Svartur/rauður
og svartur/blár



Þú vilt aukinn ávinning.
Þess vegna er **Vöxtur** fyrir þig.

Vöxtur - Vildarþjónusta Kaupþings



Kynntu þér málið á www.kaupthing.is eða í síma 444 7000.





Telur þú að einelti í íslenskum grunnskólum sé vanmetið vandamál?

Já	91%
Nei	9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlarðu á skíði um páskana?

Segðu skoðun þína á Visir.is.



Forsætisráðherraskipti í Danmörku eftir að val framkvæmdastjóra NATO var útkljáð:

Lars Løkke í stað Anders Fogh

DANMÖRK Forsætisráðherraskipti urðu í Danmörku í gær. Anders Fogh Rasmussen, sem gegnt hafði embættinu óslitið síðan árið 2001, vék úr embætti daginn eftir að það varð ljóst að hann yrði næsti framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins. Við forystu dönsku ríkisstjórnarinnar tók Lars Løkke Rasmussen, flokksbróðir Foghs úr Venstre.

Leiðtogar hinna 28 núverandi aðildarríkja NATO gerðu út um val Foghs í framkvæmdastjórastölinn á áttakafundi bak við luktar dyr á sextíu ára afmælisleiðtogafundi bandalagsins í Strassborg á laugardag. Tyrkir voru mjög

tregir til að fallast á að Fogh yrði falið starfið. Á hnúttinn var skorið með því að Tyrkir fengju fulltrúa í háar stöður í höfuðstöðvum NATO, þar á meðal einn af aðstoðarframkvæmdastjórunum.

Lars Løkke Rasmussen var fjármálaráðherra fram til þessa í samsteypustjórn Venstre og Íhaldsflokksins, sem nýtur stuðnings Danska þjóðarflokksins á þingi. Hann er 56 ára að aldri.

Fogh Rasmussen tekur við sem framkvæmdastjóri NATO þegar skipunartímabili Hollendingins Jaap de Hoop Scheffer lýkur um mánaðamótin júlí-ágúst.



RASMUSSEN OG RASMUSSEN Lars Løkke og Anders Fogh Rasmussen við valdaskiptin í forsætisráðuneytinu í Kaupmannahöfn í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Sjálfsmorðsárás í Pakistan:

Sprengdi sjálf-an sig í mosku

PAKISTAN, AP Sjálfsvígssprengjumaður sprengdi sig í loft upp í mosku sjamúslima í Punjab-héraði í Pakistan í gær. Tuttugu og tveir létu lífið og um fimmtíu manns særðust.

Samtök sem kalla sig Fedayeen al-Islam og eru talin tengjast samtökum talíbana lýstu verknaðinum á hendur sér. Árásarmaðurinn var stöðvaður við innganginn en ruddist áfram og sprengdi sig í loft upp í anddyri moskunnar. Sjónarvottar segja að hefði hann komist alla leið inn í moskuna hefðu hundruð manna látið lífið. Árásin er sú þriðja í landinu á stuttum tíma.

SumarPlús 2009



Marmaris Verð frá:

84.760 kr.

á mann m.v. 2 með 2 börn í eina viku. Brottför 21. ágúst gisting Prestige apartments í íbúð m/1 svefnherbergi.



Tenerife Verð frá:

62.080 kr.

á mann m.v. 2 með 2 börn í eina viku. Brottför 10. júní. Gisting Parque de las Americas í íbúð m/1 svefnherbergi. Ef 2 ferðast saman 70.360.-

Besta verðið bókast fyrst
Bókaðu strax á www.plusferdir.is



www.plusferdir.is

VISA MasterCard

PLÚSFERDIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100



OBAMA-HJÓNIN Á SVIÐ Það viðraði vel til ræðuhalda utandyra þegar bandarísku forsetahjónin stigu á svið á troðfullu kastalatorginu í Prag í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimsbyggðin losi sig við kjarnavopn

Barack Obama Bandaríkjaforseti kom á óvart með afdráttarlausri stefnuræðu gegn kjarnorkuvopnum í Prag í gær. Hann segir land sitt hafa siðferðislega skyldu til að fara fyrir baráttu um að losa heiminn undan kjarnorkuvánni.

PRAG, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti lýsti því yfir í gær að framtíð sjálfs mannkyns væri í húfi: Allar þjóðir heims yrðu að taka saman höndum um að vinna að því að losa heimsbyggðina við kjarnorkuvopn. Og Bandaríkin bæru „siðferðislega ábyrgð“ á að fara fyrir þessari baráttu sem eina ríki heims sem hefði látið verða af því að beita kjarnorkuvopnum í stríði.

Jafnvel þótt fréttir af árangursríkri tilraun Norður-Kóreumanna til að senda eldflaug út fyrir gufuhvolfið settu þennan metnaðarfulla boðskap forsetans í nokkurt uppnám, vísaði hann á bug úrtölröddum sem halda því fram að ógerningur sé að halda útbreiðslu kjarnorkuvopna í skefjum.

„Slík orlagahyggi er banvænn andstæðingur,“ sagði hann er hann ávarpaði um 20.000 manns

sem mættu til að hlýða á orð hans á torginu við aðalhlíð Prag-kastala í tékknesku höfuðborginni. „Því ef við trúum því að útbreiðsla kjarnorkuvopna sé óhjákvæmileg erum við að viðurkenna fyrir sjálfum okkur að notkun kjarnorkuvopna sé óhjákvæmileg,“ bætti hann við.

Obama kallaði kjarnorkuvopn „hættulegustu arfleifið kalda stríðsins“ og hvatti andstæðinga slíkra vopna í Bandaríkjunum og öðrum löndum heims til að láta ekki sitt eftir liggja. Um leið hét hann Bandaríkjamönnum því að öryggi þeirra yrði ekki stefnt í neina tvísýnu. Enda sagði hann að „svo lengi sem hætta stafar af Íran“ myndi Bandaríkjaforseti halda fast við áform um eldflaugavarnakerfi „sem er hagkvæmt og hefur sannað sig“.

Þessa stefnuræðu sína í kjarna-

vopnamálum valdi Obama að flytja í Tékklandi, þangað sem aðalrindi hans var annars að eiga samráð við leiðtoga Evrópusambandsins. Prag er þriðji áfanginn á rúmlega vikulangri Evrópuferð forsetans, sem hófst í Lundúnum á miðvikudag og lýkur í Tyrklandi nú eftir helgina. Á fundinum með ESB-leiðtogunum hvatti Obama þá til að veita Tyrklandi aðild að sambandinu.

Obama sagðist ekki gera sér neinar grillur um annað en að það tæki drjúgan tíma að losa heiminn við kjarnorkuvopn; það markmið næðist jafnvel ekki á ævidögum sínum. En landi hans, sem byggir yfir stærsta kjarnorkuvopnabúri heims og væri jafnframt það eina sem beitt hefði kjarnorkusprengjum, bæri siðferðisleg skylda til að stíga skref í þessa átt.

audunn@frettabladid.is

Orkuveitan heldur ótrauð áfram með rafmagnsstæði þrátt fyrir slaka nýtingu:

Sex hafa nýtt sér orkupósta OR

UMHVERFISMÁL Aðeins sex einstaklingar eða fyrirtæki hafa nýtt sér þann möguleika að hlaða rafmagnsbíla í bílastæðum á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu frá því að fyrst var boðið upp á þann möguleika fyrir ári. Engan bílbug er að finna á Orkuveitu Reykjavíkur (OR) þrátt fyrir slaka nýtingu.

Rafbílaeigendur hafa getað nálgast lykila hjá OR síðasta árið til að komast í orkupósta við græn stæði. Stæðin eru við Kringluna, Smáralind og Bankastræti. Hægt er að hlaða bílana án endurgjalds.

Samkvæmt upplýsingum frá OR hafa sex einstaklingar eða fyrir-



GRÆN STÆÐI Orkuveitan hefur trú á því að rafmagnsbílavæðingin sé rétt að byrja þótt hún fari hægar í gang en ætlað var. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

tæki aðgang að orkupóstunum. OR á einn rafmagnsbíl, og hefur því einn af lykluðum sex.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýs-

ingafulltrúi OR, segir að með uppsetningu orkupóstanna hafi OR viljað hvetja til aukinnar nýtingar umhverfisvænna orkugjafa og sýna fram á að rafbílur væru raunhæfur kostur innanbæjar. Þó að bílaframleiðendur eigi í erfiðleikum um þessar mundir haldi þeir áfram að þróa rafmagnsfarartæki.

„Verkefninu verður haldið áfram þar sem Orkuveitan vonast til að rafmagnsbílavæðingin sé rétt að byrja og að efnahagslegðin verði frekar til þess að herða á að hagkvæmari samgöngukosta verði leitað en að draga úr,“ segir Eiríkur.

- bj



6 - 8 apríl.

Hann er á leiðinni til þín... ...geymd'ann

Sælureiturinn er ríflega 160 síðna handbók full af fróðleik og leiðbeiningum um allt sem tengist pallinum, garðinum, sumarhúsinu, heimilinu og viðhaldi. Að auki er ítarlegur kafli um sumarblómin og garðverkin. Leiðarvísir að þínum eigin sælureit.



x



Frábær saman



1. Hvenær var Atlantshafsbandalagið stofnað?
2. Fyrir hvað stendur MP í nafni MP Banka?
3. Hvenær er Kári Stefánsson fæddur?

SVÖRIN ERU Á Síðu 34



KJARTAN GUÐMUNDSSON
Staðgengill umboðsmanns neytenda

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Neytendur: Neytenda blöskra hækkanir hjá Bláa Lóninu

Eintómar evrur í lóninu

Neytandi sem vill ekki láta nafns síns getið kom með ábendingu:

Mér hefur algjörlega blöskrað fjöldi hækkanana hjá Bláa lóninu en verðið fyrir einstakling er orðið 3.200 krónur. Þetta er algjörlega orðið með ólíkindum, ef hjón fara þá er það bara 6.400 krónur. Ég vinn mikið við það að fara með erlenda gesti í Lónið en ég vildi bara benda á þetta ef einhver hefði áhuga á að skoða þetta. Það er allavega ljóst að Lónið er ekki lengur ætlað venjulegum Íslendingum.

Dr. Gunnir, umboðsmaður neytenda, bætir í púkkið: Frá og með hausti 2008 fór Lónið, einhverra hluta vegna, að miða verðskrána við 20 evrur. Þá rauk verðið úr 1.800 krónu „sumarverði“ í mest 3.400 krónur. Það segir sig sjálfst að enginn Íslendingur tímir í sund fyrir þennan pening,



sama hversu flott er þarna. Í sundlaugar kostar um 300 kall. Lónið afsakar sig reyndar með því að bjóða oft einhverja 2 fyrir 1 miða, en niðurstaðan hlýtur að vera sú að Bláa lónið er mesta túristagilda landsins.

Magnea Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Bláa lónsins, varð fyrir svörum. „Í gegnum árin hefur Bláa lónið miðað aðgönguverð við eitthvað í kringum 20 evrur. Þegar gengið fór á flug í byrjun árs ákváðum við að festa verðið í evrum, þar sem 80 til 90 prósent viðskiptavina okkar eru erlendir ferðamenn. Í staðinn höfum við verið dugleg að bjóða Íslendingum upp á 2 fyrir 1 tilboð í Lónið.“

Aðspurð segir Magnea að 407.000 gestir hafi komið í Lónið á síðasta ári. Starfsmenn Lónsins fá ekki borgað í evrum.

Sama góða CONDIS bragðið ...

... í nýjum umbúðum

Ný störf í iðnaði við Krossanesverkmiðju

Stórfyrirtækið Becromal leggur niður hluta af starfsemi sinni í Noregi og flytur til Íslands. Hingað verða fluttar tólf notaðar vélar frá verkmiðjunni í Noregi. Hundrað manns geti fengið vinnu við uppsetningu á vélunum.

NOREGUR Tuttugu starfsmenn Becromal í Noregi missa vinnuna á næstunni vegna þess að Becromal hefur ákveðið að flytja tólf vélar frá aflþynnuverksmiðju fyrirtækisins á Notodden í Noregi í nýja aflþynnuverksmiðju sem verið er að byggja við Krossanes á Akureyri. Þetta kemur fram á fréttavefnum Telen.no.

Eyþór Arnalds, stjórnarmaður hjá Becromal á Íslandi, segir að fluttar verði tuttugu nýjar vélasamstæður frá Ítalíu og Noregi á þessu ári og svo komi gömlu vélarnar frá Noregi. Um hundrað manns þurfi í uppsetninguna á vélasamstæðunum því stefnt sé að því að framleiðsla geti hafist á Íslandi í sumar.

Eyþór staðfestir að hluti af starfsemi aflþynnuverksmiðjunnar í Noregi verði lagður niður og sú starfsemi verði flutt til Íslands. „Aðalframleiðslustaður Becromal í framtíðinni verður á Íslandi en í dag er framleiðslan í þremur löndum: Ítalíu, Bandaríkjunum og Noregi,“ segir hann.

Verið er að ráða fólk hjá Becromal á Íslandi eins og sjá má á vef fyrirtækisins. Eyþór segir að mikil uppsetning sé í gangi á Krossanesi og þurfi bæði Íslendinga og útlendinga til starfa. Sennilega þurfi um hundrað manns í uppsetninguna og síðan skapist störf fyrir Íslendinga til framtíðar. Þrátt fyrir efnahagshrakningana sé enn verið að vinna að þessu verkefni.

Knut Olsen, forstjóri verkmiðju Becromal í Noregi, segir að ástæðan fyrir niðurskurðinum



GETA FENGIÐ VINNU Norskur fréttavefur segir að tólf vélar verði fluttar frá Noregi að Krossanesi á Akureyri. Eyþór Arnalds, stjórnarmaður hjá Becromal, segir að mikil uppsetning sé í gangi á Krossanesi og hundrað manns, bæði Íslendingar og útlendingar, geti fengið þar vinnu.

á Notodden sé sú að norsk stjórnvöld hafi ekki skapað nógu góð rekstrarskilyrði fyrir fyrirtækið og orkukrefjandi iðnað í Noregi. „Það er bara orkuverðið og skortur á ákvörðunum og framkvæmdagleiði hjá stjórnmalámonnum sem er ástæðan fyrir niðurskurðinum á Notodden,“ segir hann.

Knut Olsen er svektur og reiður yfir þróuninni og lætur gamminn geisa í gagnrýni sinni á norska stjórnmalámen. „Þetta snýst um skort á pólitískum vilja

og skilningsleysi á því hversu miklu góð orkupólítík getur áorkað. Við sjáum bara toppinn á ísjakanum. Við erum bara rétt að byrja að sjá neikvæða þróun fyrir orkukrefjandi stóriðju í Noregi.“

Knut Olsen segir að Becromal hafi verið með áætlanir um að auka starfsemina á Notodden en nú fari öll aukningin til Íslands. „Stjórnmalámen hafa svikist undan því að gera rammamninga við stóriðjuna,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

THULE SWEDEN **Ferðabox**

Pacific 100
139 x 90 x 39 cm
370 L
43.900.-

Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

BETRA START MEÐ EXIDE-RAFGEYMUM

Eigum fyrirliggjandi mikið úrval rafgeyma frá Exide, ýmsar stærðir og gerðir fyrir bíla, báta og önnur tæki. Gæðaframleiðsla sem reynst hefur afar vel við íslenskar aðstæður.



15% afsláttur

EXIDE**olis**

Upplýsingar í síma 515 1100
Sendið pantanir á pontun@olis.is

**20%
AFSLÁTTUR**


Smjörvi
TILBOÐ

Símjúkur á brauðið, pönnuna og í baksturinn

- vinsælasta viðbitið

IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR



iq-care.com

Ein besta heilsudýna í heimi

ATH.
Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

6 mán. vaxtalausar greiðslur

FERMINGARTILBOÐ

Beauty Sleep

97x203 cm kr. 59.900
135x200 cm frá kr. 79.900

IQ-CARE

100X200 cm kr. 99.900
120X200 cm kr. 139.900



Nýir svefnsófar
með heilsudýnu

Íslensk framleiðsla



30% afsláttur
af fylgihlutum við dýnukaup



S-CAPE WALLHUGGER

Sá nýjasti og besti frá Leggett
Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x90 x 200 cm. Áður 684.900
Nú 499.000



Íslenskir botnar
Íslensk framleiðsla
Margir leðurlitir í boði



20-50% afsláttur
af völdum vörum



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x80x200 cm. Áður 384.900

Nú 279.900



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Vinna og velferð í Kraganum

Atvinnumálin, velferðarmálin, Evrópumálin og allt hitt. Um hvað er kosið? Hver er framtíðin?

Hittumst í kvöld 6. apríl og ræðum málin í Hamraborg 11, 3. hæð kl. 20:30.

Allir velkomnir!

Árni Páll, Katrín, Þórunn, Magnús Orri og Lúðvík



Samfylkingin í Kópavogi

Vinna og velferð **X S**

Nemendur í bóklegu framhaldsskólánámi fá hvorki bæt看ur né námslán:

Lánshæft nám útilokar bæt看ur

VINNUMARKAÐUR Atvinnulausir geta ekki verið á atvinnuleysisbótum meðan þeir eru í fullu námi ef námið er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, LÍN. Þetta gildir bæði um fjarnám og nám með vinnu eins og hefur til dæmis verið auglýst hjá Bifröst.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segir að þegar fólk fari á atvinnuleysisbætur sækir það um vinnu áður en það sækir um bæt看ur. Ef það sé í virkri vinnuleit séu starfsmenn stofnunarinnar sáttir. Ef þeir séu í námi séu þeir ekki að uppfylla skilyrðin fyrir bótunum og geti því ekki verið á atvinnuleysisbótum.



GISSUR PÉTURSSON

brautum í framhaldsskólánámi eða háskólánámi.

Ekki er hægt að ljúka stúdentsprófi og vera á atvinnuleysisbótum eða fá námslán. Gissur segir þó að

„Við höfum gert fjöldann allan af námssamningum, yfir 400, við fólk sem er í einhvers konar námi sem telst hluti af vinnuleitinni,“ segir Gissur. „Þetta getur verið hluti af starfsnáms-

þetta sé einstaklingsbundið mat. „Fólk getur ekki verið í hefðbundnu bóknámi til stúdentsprófs á atvinnuleysisbótum og heldur ekki fengið námslán. En nám af þessu tagi getur samt verið að einhverju leyti liður í vinnuleit eða efnisuppyggingu. Það er þá bara metið með viðtali og yfirferð hjá hverjum einstaklingi. Það gæti komið til greina að leyfa viðkomandi að klára ef hann ætti til dæmis mjög lítið eftir til að ljúka náminu,“ segir hann.

Starfsnám á framhaldsskólastigi er hins vegar lánshæft, þó ekki fyrsti veturinn meðan grunnfögin eru tekin.

- ghs

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



SUÐURLANDSVEGUR Gert er ráð fyrir að Suðurlandsvegur verði ýmist 2+2 eða 2+1 vegur. Þá er misjafnt hve langt verður á milli akreinnanna. 2+2 vegur er dýrari í lagningu en 2+1 og formaður evrópskra umferðaröryggissamtaka segir 2+1 veg öruggari.

Er allt uppi á borðinu?



Perkins



Sigurður



Hjálmar



Kristín Vala

Málþing um stóriðjustefnu stjórnvalda í ljósi náttúruverndar, hnattvæðingar og efnahagslegs sjálfstæðis.

Mánudaginn 6. apríl, kl. 17–19, á Háskólatorgi, Sæmundargötu 4, stofu 102.

Dagskrá:

- 17.00 Kynning
 - 17.10 John Perkins, höfundur bókarinnar Confessions of an Economic Hitman
Economic crisis: Hitmen hit Iceland and the world
 - 18.00 Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur
What is Iceland's benefit when dealing with foreign investors?
 - 18.15 Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri Data Market
What does the data tell us?
 - 18.30 Pallborðsumræður
 - 19.00 Fundarlok
- Fundarstjóri er Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

ALLIR VELKOMNIR



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

Mun dýrara að leggja 2+2 veg en 2+1 veg

Mun ódýrara er að leggja 2+1 veg en 2+2 líkt og samgönguráðherra ráðgerir á Suðurlandsvegi. Evrópskur sérfræðingur mælti með 2+1 vegi enda væru þeir öruggastir. Breikkun mun kosta 15,9 milljarða.

SAMGÖNGUR Formaður Evrópusamtaka um öryggi vega, John Dawson, gagnrýndi stjórnvöld í október fyrir að ætla sér að leggja 2 plús 2 veg til Selfoss frá Reykjavík. Nær væri að leggja 2 plús 1 veg, enda væru slíkir vegir þeir öruggustu sem þekktust. Þá væri sú leið miklu ódýrari.



JOHN DAWSON

Sú leið sem samgönguráðherra kynnti fyrir skömmu að yrði farin verður ýmist 2+2, þar sem tvær akreinar eru í hvora átt, eða 2+1, þar sem ein akrein er í hvora átt og ein aukarein sem nýttist umferðinni sitt á hvað, eftir því í hvora átt er ekið. Þá er mismunandi hve langt er á milli reinanna í hvora átt.

Dawson talaði á Umferðarþingi í haust og sagði umferðina um Suðurlandsveginn þurfa að tvöfalda til að réttlæta 2+2 veg. Í skýrslu sem Línuhönnun vann áður en ákveðið var að tvöfalda Reykjanesbraut kom fram að 2+1 vegur hentaði vel fyrir umferðarmagn á bilinu 8 til 22 þúsund bílar á dag. Erlendar rannsóknir sýni að óhappatíðni væri jafnvel lægri en á 2+2 vegi. Umferð um Sandskeið er um 10 þúsund bílar á sólarhring.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir að vegtengingar á milli

Selfoss og Hveragerðis geri það að verkum að þar sé nauðsynlegt að hafa 2+2 veg. Málið snúist því um hve langt út frá Reykjavík 2+1 vegurinn mundi ná. Í fyrstu hafi verið gert ráð fyrir að hann næði að Hólmsá, en nú nái hann að Litlu kaffistofunni.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er 580 milljónum króna dýrara að leggja 2+2 veg frá Hólmsá að Litlu kaffistofunni. Þá er ótalinn viðhaldskostnaður sem liggur ekki fyrir. Vegagerðin telur að 80 milljónum króna dýrara sé að halda við 2+2 vegi yfir Hellið en 2+1 veg. Á það ber þó að líta að meira viðhald er á heidinni en annars staðar á leiðinni. Hreinn segir það minni kostnaðarmun á leiðunum en gert var ráð fyrir og því hafi verið lagt til að leggja 2+2 veg.

Kristján Möller samgönguráðherra segir að við ákvörðun um tilhögun vegarins hafi verið horft til þess að spara peninga en hafa umferðaröryggi í heiðri. Verið sé að fara ódýrari leið en hingað til hafi verið rætt um. Það sé til marks um hve vel heppnuð leiðin sé hve fulltrúar sveitarfélaga á svæðinu séu ánægðir.

kolbeinn@frettabladid.is

Mexíkó og Bandaríkin: Sameina eftirlit í eiturlyfjastríði

MEXÍKÓ, AP Stjórnvöld í Bandaríkjunum og Mexíkó ætla að koma upp sameiginlegri landamæra-vörslu sem ætlað er að reyna að stöðva ólöglegan eiturlyfja- og vopnaflutning á milli landanna. Meðal þeirra aðgerða sem stjórnvöld grípa til er að gera leit í að minnsta kosti einum tíunda allra bíla sem fara yfir landamærin. Að sögn mexíkóskra stjórnvalda verður bílaleitin hluti af áætlun í baráttunni gegn glæpasamtökum sem mun kosta mexíkóska ríkið um 1,4 milljarða dollara. Á síðasta ári létust 6.300 manns í átökunum við eiturlyfjahringi í Mexíkó. - kh



HRAFNISTA Nú er boðið upp á aukna þjónustu hjá Hrafnistu í Reykjavík.

Hrafnista í Reykjavík: Tvær nýjar deildir opnaðar

HEILBRIGÐISMÁL Hrafnista í Reykjavík tók á föstudaginn í notkun tuttugu skammtíma-hvöldarrými með endurhæfingu og þrjátíu dagvistarrými með endurhæfingu. Rýmin eru ætluð skjólstaðingum heimahjúkrunar á öllu höfuðborgarsvæðinu og á Landspítala.

Á Hrafnistu hefur herbergjum verið fækkað og þau stækkuð og gerð að einbýlum. Vegna þessa geta faglegar stoðdeildir Hrafnistu, svo sem iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun, tekið að sér aðhlyningu þeirra sem nýta sér þá þjónustu. Skammtímarými með endurhæfingu og dagvist með endurhæfingu hafa ekki verið áður í boði hjá Hrafnistu í Reykjavík. - shá

Herir SP og NATO: Skæruliðar réð- ust á skipastöð

PAKISTAN, AP Skæruliðar, vopnaðir byssum og bensínsprengjum, réðust á skipastöð á jaðri Peshawar-borgar í Pakistan fyrir helgi. Fimm skipagámar, fullir af vistum sem áttu að berast herjum Sameinuðu þjóðanna og NATO í Afganistan, skemmdust í árásinni.

Alþjóðaherir í Afganistan flytja allt að 75 prósent vista sinna í gegnum Pakistan. - kg

Hringdu í Fyrirtækjaráðgjöf
800 4000
og við kynnum þér kostina

Ekkert rugl á fyrirtækjanetinu

Netvörður Símans hjálpar þér að stjórna netnotkun í fyrirtækinu:

- Útilokun á óæskilegu efni
- Yfirsýn yfir erlent niðurhál
- Fullkomin stjórn á netumferð fyrirtækisins
- Vörn gegn tölvuþrjótum og upplýsingaþjófnaði
- Aukinn sparnaður og hagræði
- Aðgengilegar skýrslur um netnotkun í fyrirtækinu

800 4000 • siminn.is

Það er Síminn

Sími

Netið

Víst

Netvörðurinn

Öryggi og sparnaður fyrir fyrirtæki

Minna niðurhál

Meiri afköst

Fullkomin vörn



410 4000 | landsbankinn.is

135 / BÆJARHRAUN

Karvel spilar á gítar, mandólin og trommusett. Hann og 12 aðrir taka vel á móti þér í Bæjarhrauni.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

TEPPI Á STIGAGANGINN



Stepp

GÓLFEFNI ÞEKKING ÞJÓNUSTA

Stepp ehf. Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is

Dempingarar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Miele



www.eirvik.is

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár. Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

TILBOÐ

Þvottavélar - Verð frá kr. 139.995

Þurrkarar - Verð frá kr. 119.995



Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Viðvera lækna í útköllum skoðuð vegna hagræðingarsjónarmiða:

Allt undir í niðurskurðinum

HEILBRIGÐISMÁL Meðal þess sem hefur verið nefnt til að skera niður í heilbrigðiskerfinu er að lækna fari ekki í útköll með neyðarbilum eftir klukkan fjögur á daginn. Ekkert er þó ákveðið í þeim efnum og ekki er komin tillaga þar um.

Í fyrra var sú breyting gerð að lækna var tekinn úr áhöfn bílanna og síðan hefur hann ekki farið með útköll nema aðstæður þyki gefa tilefni til; ef þarf að endurlífga eða fólk er fast undir fargi eða inni í bílum. Már Kristjánsson, sviðsstjóri lækninga-, slysa- og bráðasviðs á Landspítalanum, segir að þetta fyrirkomulag hafi gengið ágætlega. Ekki sé vitað um að nein

vandamál hafi komið upp vegna þessa, þótt mögulega hafi komið upp þau tilvik að þjálfður lækna hafi ekki verið til staðar í útköll.

Már segir að öll starfsemi bráðamóttökunnar sé til skoðunar, þar sem verið sé að sameina tvær móttökur. „Hvort það hefur áhrif á starfsemi neyðarbíls get ég ekki sagt til um,“ segir Már. Hann segir að verið sé að glíma við að spara um tíu prósent eins og fyrri ríkisstjórn hafi farið fram á.

Sú ákvörðun að taka lækna úr áhöfn neyðarbíla vakti miklar umræður í samfélaginu og sitt sýndist hverjum.

- kóp



NEYÐARÚTKALL Ekki hefur alltaf verið þjálfður lækna til að sinna útkalli. Hugmyndir hafa komið upp um að lækna fari ekki með bílum eftir klukkan 16 en ekkert hefur verið ákveðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



KÝPUR OG DANMÖRK Í ESB Framsögumennirnir Marios Katsioloudes frá Kýpur og Martin Marcussen frá Danmörku hlýða á opunarárvarp Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra á málþinginu á Grand Hótel.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Veik rödd innan fjöl-skyldu betri en utan

Betra er að hafa veika rödd innan þeirrar þjóðafjölskyldu sem ESB er en utan. Þetta kom fram á málfundum um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu. Þar var meðal annars fjallað um reynslu Kýpverja og Dana af mislangri aðild sinni.

EVROPUMÁL Þótt lítil eyþjóð hafi veika rödd innan „fjölskyldu“ eins og Evrópusambandsins, þá er það samt betra en að hafa veika rödd utan fjölskyldunnar. Á þessum hátt lýsir Marios Katsioloudes, deildarforseti við Grísk-ameríska háskólann, Hellenic American University, reynslu Kýpverja af fimm ára veru í Evrópusambandinu. Hann hélt framsöguveru á málfundum um kosti og galla ESB-aðildar sem haldinn var á vegum tvíhliða viðskiptaráða Íslands og Þýskalands, Bretlands, Svíþjóðar, Spánar og fleiri á Grand Hótelu fyrir helgi.

Katsioloudes lagði í erindi sínu áherslu á að þótt efnahagsleg atriði væru jafnan í forgrunni þegar þjóð leggur mat á kosti og galla ESB-aðildar, þá skiptu önnur atriði á borð við formlegt og menningarlegt sjálfstæði ekki síður máli. Gerði hann í þessu sambandi að umtalsefni hve algengt það væri orðið að

starfsfólk í ferðaþjónustu, svo sem afgreiðslufólk á veitingastöðum, væri eftir ESB-inngöngu Kýpur ekki mælandi á grísku og jafnvel illmælandi á ensku, þar sem þessir starfsmenn væru nú upp til hópa farandverkfólk frá nýju ESB-aðildarríkjunum í austanverðri Evrópu.

Martin Marcussen, dósent í stjórnmálafræði við Kaupmannahafnarháskóla, talaði um lærdóm sem draga mætti af nærri fjögurra áratuga aðild Dana að ESB. Marcussen er einn höfundar nýlegrar skýrslu sem unnin var fyrir danska þjóðþinginu um afleiðingar „dönsku undanþáganna“ svonefndu, sem samið var um eftir að Danir höfnuðu staðfestingu Maastricht-sáttmálans í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1992.

Marcussen lagði áherslu á að reynsla Dana sýndi hve mikilvægt það væri að „engu væri sópað undir teppi“ í umræðunni um kosti og

galla aðildar, þegar sú umræða færi fram í aðdraganda aðildar. Danskir ráðamenn hefðu, með réttu eða röngu, setið uppi með það lengi eftir inngönguna árið 1973 að stór hluti almennings í landinu ætti bág með að treysta því sem ráðamenn segðu um ESB-mál þar sem honum fundist sem ráðamenn hefðu ekki sagt allan sannleikann um það hvað í ESB-aðild myndi felast, þegar samið var um hana á sínum tíma. Með öðrum orðum: Í upphafi skyldi endirinn skoða.

Um reynslu Dana af því að standa utan evrópska myntbandalagsins sagði hann að með þeirri miklu nánd sem þeir hefðu komið sér upp við það kerfi (fastgengi og sama vaxtastefna) nytu þeir nú þegar margra kosta þess, án aðildar.

Loks dró Alyson Bailes, gesta- prófessor við Háskóla Íslands, saman reynsluna af öryggismálasamstarfi í ESB. audunn@frettabladid.is

Stofnandi lögleiðingarráðs sakar yfirlækni um rangfærslur af pólitískum toga:

SÁÁ klöguð til landlæknis

SAMFÉLAGSMÁL Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, SÁÁ, eru sökuð um villandi og rangar staðhæfingar í umfjöllun sinni um kannabisefni, í opnu bréfi Ólafs Skorrðal til Matthíasar Halldórssonar landlæknis.

Bréfið var sent 31. mars, í kjölfar staðhæfinga á vef SÁÁ um að kannabisneysla leiddi til neyslu harðari vímuefna, og viðtala við Þórarinn Tyrfingsson yfirlækni í fjölmiðlum.

Ólafur, sem er stofnandi hópsins Lögleiðum kannabis og skattleggjum neysluna, bendir á að

engin vísindaleg rök fylgi máli hjá SÁÁ, og að annars staðar á vef SÁÁ megi lesa að engar rannsóknir bendi skýrlega til þess að kannabisneysla leiði til neyslu harðari efna.

Þórarinn Tyrfingsson yfirlækni hafi misnotað stöðu sína til að blekkja fólk og til að koma

pólitískum sjónarmiðum á framfæri.

Í bréfinu er og fjallað um viðtali við Þórarinn í Kastljósi, þar sem Þórarinn segir að ekkert hafi komið út úr tilraunum til að gera lyf úr kannabis. Ólafur kveður þessu rangt og telur upp þrjú lyf.

„Er ekki orðið tímabært að ræða þessi mál af yfirvegum og með hliðsjón af vísindalegum rannsóknum?“ spyr Ólafur. Hann vill vita hvort landlækni hyggist leiðrétta staðhæfingar Þórarins opinberlega og jafnvel víta hann eða stofnun hans.

- kóp

Bæjarfulltrúi sem dró sig í hlé: Ráðuneyti meti endurkomuna

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarfulltrúar Álfþaneslistans hafa ákveðið að samgönguráðuneytið muni skera úr um hvort Kristján Sveinbjörns-son, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar, megi taka sæti sitt í bæjarstjórn aftur.

Kristján, sem í desember sagði af sér embætti forseta bæjarstjórnar og dró sig í hlé sem bæjarfulltrúi, tilkynnti um miðjan mars að hann hygðist gerast bæjarfulltrúi aftur enda hefði brotthvarf hans ekki skapað þann frið í bæjarstjórn sem hann hefði vonast eftir. Kristján samþykkti ákvörðun félaga sinna um að láta ráðuneytið skera úr um málið. - gar

Rannsókn á vegum SP:

Gyðingur rannsaki stríðsglæpi á Gasasvæðinu

GENF. AP Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að dómari frá Suður-Afríku, sem er gyðingur, muni leiða



RICHARD J. GOLDSTONE

umfangsmikla rannsókn á meintum stríðsglæpum Ísraela á Gasaströndinni.

Dómarinn, sem heitir Richard Goldstone, hefur rannsakað

stríðsglæpi í löndum á borð við gömlu Júgóslavíu og Rúanda. Rannsakendur munu eingöngu beina sjónum sínum að palestínskum fórnarlömbum í þrjú vikna stríði sem geisadi á milli Ísraela og Hamasliða fyrr á þessu ári. Ísraelar hafa neitað að starfa með rannsóknarhópnum. Auk Goldstones mun breskur mannréttindaprófessor, pakistanskur lögfræðingur og fyrrverandi yfirmaður í írsku hernum skipa rannsóknarhópinn. - kh

Ljósmynd af ríkisstjórn Ísrael:

Konur fá ekki að vera með

JERÚSALEM, AP Ísraelska dagblaðið Yated Neeman, sem birti ljósmynd af nýrri ríkisstjórn Ísrael í gær, fjarlægði kvenkyns meðlimi ríkisstjórnarinnar af myndinni með aðstoð tölvutækni. Lesendahópur blaðsins samanstendur að mestu af bókstafstrúargyðingum.

Þær Limor Livnat og Sofa Landver eru einu kvenkyns ráðherrarnir í nýrri ríkisstjórn landsins. Bókstafstrúuð dagblöð í Ísrael telja ósiðlegt að birta ljósmyndir af konum. Talsmenn blaðsins hafa ekki viljað tjá sig um málið. - kg



Tæknibær

Tölvur og íhlutir síðan 1986

Öflug
ASUS Netbook fartölva á frábæru verði!
Mikið fartölvuúrval!
VERÐ FRÁ **64.900**

Hagstæðir
vel útbúnir turnar
AMD AM2 3400+ örgjörvi
1GB DDR2 minni
80 GB harður diskur
Innbyggjt skjá- Hljóð- og netkort
VERÐ AÐEINS **34.900**

19" Acer
Wide Screen LCD skjár
Upplausn 1440x900
Skerpa 2000:1
Birtustig 300 cd/m2
VERÐ AÐEINS **34.900**

Stóra
tölvuorða-
bókin
Klassísk
fermingargjöf!
VERÐ AÐEINS **8.900**

500 GB
Sjónvarpsflakkari með fjarstýringu og nettengingu!
VERÐ AÐEINS **29.900**

Stílhreint þráðlaust lyklaborð og laser-mús saman í setti
VERÐ AÐEINS **5.900**
Mikið úrval lyklaborða með ábrenndum íslenskum stöfum

Samsung S860
bleik stafræn myndavél
• 8.1 Mega-Pixel
• „Face-Detection“ fókuskerfi
• 2.5" skjár
• 3x Optical Zoom
• 3x Digital Zoom
VERÐ AÐEINS **17.900**

8 GB
USB minnislykill frá Super Talent
VERÐ AÐEINS **3.900**

Kíktu á vöruúrvalið á www.tb.is

Skipholt 50c • Sími: 582 6000 • www.tb.is



410 4000 | landsbankinn.is

152 / SELFÓSS

Grímur hefur róið hundrað sinnum niður Hvítá. Hann og 27 aðrir taka vel á móti þér á Selfossi.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu á Selfossi eða hringdu í okkur í síma 410 4000.



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær



Flafðu það

um



Lambalæri

að hætti Jóa Fel
úrbeinað og fyllt með
piparosti, gráðosti, hvítlauk,
villisveppum, rósmarin, basil,
oregano, olíu, salti og pipar

SPENNANDI

LAMBALÆRI
MEÐ FYLLINGU

1.998 kr/kg.

Merkt verð 2.498.-

Smjörspautað kalkúnaskip

tilbúið beint í ofninn!

SPENNANDI

KALKÚNASKIP
SMJÖRSÞAUTAÐ

2.503 kr/kg.

Merkt verð 2.945.-

NÝTT
& SPENNANDI

grillkjöt beint frá bónda



Hreindýra spjót



Hreindýra grillsneiðar



Lambalærisneiðar
kryddlegnar



Lambaframhryggjasneiðar
þurrkryddaðar



Lambagrillleggir
kryddlegnir



MERRILD
KAFFI
529 kr/pk.



COKE &
COKE LIGHT
99 kr/stk.



MACKINTOSH
1.643 gr
1.389 kr/stk.



NS PÁSKAEGG
6 STK. Í PK
699 kr/pk.
Verð áður 768.-

Kringlunni • Skeifunni • Garðabæ • Smáralind • Spöng • Akureyri • Holtagörðum • Eiðistorgi

gott páskana



Hamborgarhryggur Hagkaups að hætti landsliðs matreiðslumeistara



Parf ekki
að sjóða!
Aðeins 90 mín.
í ofni!



SPENNANDI

**HAMBORGAR
HRYGGUR**

1.559 kr/kg.

Merkt verð 1.946.-

Páskalæri Hagkaups að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífuoloíu,
sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.



SPENNANDI

**PÁSKALÆRI
HAGKAUPS**

1.678 kr/kg.

Merkt verð 2.098.-

ferskar kryddjurtir frá Frakklandi



Rósmarín

Mynta

Salvía

Garðablöðberg

Basilíka



**NS PÁSKAEGG
NR. 5**
1.359 kr/stk.
Verð aður 1.699.-



**PÁSKA
ÖL**
114 kr/stk.



**BAGUETTE
NÝBAKAÐ**
149 kr/stk.



**PÁSKA
ELDHÚSRÚLLUR**
479 kr/pk.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Gerðu þinn eigin INNKAUPALISTA á www.kronan.is

ÖLL TILBOÐIN ALLTAF Á NETINU

1. Veldu þínar tilboðsvörur

2. Gerðu þinn eigin innkaupalista

INNKAUPLISTINN

3. Prentaðu þinn eigin innkaupalista

Þetta er nýja heimilið mitt... þegar ég er ekki úti í búð.

NÝR VEFUR KRÓNUNNAR



MÁLVERKAUPPBOD verður haldið í dag klukkan 18.15 í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Fjöldi verka gömlu meistaranna verður boðinn upp, meðal annars eftir Kjarval, Jón Stefánsson, Nínu Tryggvadóttur og Ásgrím Jónsson.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Velbon
The Tripod Innovators

Velbon þrífætur mikið úrval

Myndavéla-
viðgerðir
Skiopholti 50B
Sími 553 9200

FOLO VAL

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is



ALLT

512 5447
auglýsingasími

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Séra Arna Ýr Sigurðardóttir, prestur í Langholtskirkju, er með útsaumaða mynd af síðustu kvöldmáltíðinni á skrifstofu sinni í kirkjunni.

Listaverk á skrifstofunni

Arna Ýr Sigurðardóttir, prestur í Langholtskirkju, á fallega útsaumaða mynd af síðustu kvöldmáltíðinni. Myndina fékk hún að gjöf frá afasystur sinni sem hefur í gegnum tíðina saumað út fjölda verka.

„Afasystir mín, Áslaug Þorsteinsdóttir, saumaði þessa mynd af síðustu kvöldmáltíðinni,“ segir Arna Ýr Sigurðardóttir prestur um mynd sem er í miklu uppáhaldi hjá henni. „Hún ákvað að gefa mér þessa mynd þar sem ég er eini presturinn í fjölskyldunni,“ útskýrir Arna.

Myndina fékk Arna árið 2004 en á þeim tíma bjó hún á Kópaskeri en var að flytja í bæinn. „Við fluttum úr tveimur einbýlishúsum


í þriggja herbergja íbúð þannig að plássið var takmarkað og því átti ég engan stað fyrir myndina góðu,“ segir Arna en þegar hún fékk stöðu prests í Langholtskirkju fannst henni tilvalið að hengja myndina upp á skrifstofunni sem hún deilir með séra Jóni Helga Þórarinssyni sóknarpresti.

„Mér þykir óskaplega vænt um þessa mynd enda ekki oft sem manni áskotnast slíkir dýrgripir eftir ættingja,“ segir Arna og

finnst ekki verra að myndin hafi trúarlega merkingu.

Mikið er að gera hjá prestum yfir páskana. Arna hlakkar mest til páskavöku sem haldin verður aðfaranótt páskadags. „Það er mjög áhrifarík stund sem hefst klukkan ellefu að kvöldi laugardags. Í fyrstu er kirkjan almyrkvuð og smám saman birtir til þar til öll ljós eru kveikt. Þá er guðspjallið lesið og páskarnir komnir.“

solveig@frettabladid.is



RECARO



0-13kg.



9-18kg bakvísandi



9-18kg



15-36kg



9-36kg

Bílasmiðurinn hf, Bídshöfða 16, 110 R. S-5672330 www.bilasmidurinn.is

HEIMILI

BONSAI-TRÉ eru skemmtileg og góð leið til að fá smá líf inn á heimilið er að fjárfesta í einu slíku. Til að trén dafni sem best þurfa þau ávallt að vera rök og standa þar sem góð birta er en ekki bein sól.



Vandaðir og þægilegir bandaskór úr leðri og skinnfóðraðir í úrvali.
Stærðir : 36 - 42
Litir: Hvítt, beige, brúnt, rautt og svart
Verð: 8.975.-

Dömuinniskór í úrvali. Allt leðurskór með skinnfóðri. Sérlega mjúkir og þægilegir.
Stærðir: 36 - 42
Margir litir.
Verð frá: 6.550.-


Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Þegar kalt er úti er gott að sitja í mjúkum hægindastól með bolla af heitu kakói.



Gott er að hvíla lúin bein í góðum stól og ekki verða að hafa skemil fyrir fæturna.



Bæði stórir og litlir eiga sína uppáhalds-stóla.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Í hægindum heima

Þegar setið er við lestur eða handavinnu er gott að eiga góðan stól sem notalegt er að sitja í.

Hægindastóllinn er hjarta margra heimila. Sumir taka slíku ástfóstri við ákveðinn stól að þó að hann sé orðinn gamall og lúinn fær hann enn að standa í miðri stofunni, jafnvel þó að búið sé að skipta öllu öðru út fyrir nýtt.

Þeir sem eiga sér ekki uppáhalds-stól en vilja eignast einn slíkan geta oft fundið akkúrat rétta stólinn heima hjá ömmu og afa eða einhverri gamalli frænku. Oft þarf þá að lappa upp á stólinn en eftir það getur hann verið eins og nýr að sjá, jafnvel þótt sálin sé gömul og sagan á bak við hann löng og mikil.

emilia@frettabladid.is



Standlampa er gott að hafa við hliðina á stólnum svo birtan sé nóg.

HITI Í BÚSTAÐINN

Ryðfrír neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.

Rafhitun Rafhitarar fyrir heita potta

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

Viðhaldsfrjár

ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfríri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfrjár“ þakrennur. Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna. Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki

HAGBLIKK ehf.
Smíðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“



Stóreign



Fremri í atvinnufasteignum

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

fasteignir

6. APRÍL 2009



HÚSIN Í BORGinni
F A S T E I G N A S A L A



Opið hús frá 17:30 – 18:00

Baugakór 18
- 203 Kóp verðtilboð

Falleg 114,7 fm 3ja herb. íbúð í lyftublokk á efstu hæð með tvennum svölum og staði í bílageymslu.

*****Tilboð óskast, öll skipti skoðuð****

Telma R. Lögg.fast. 899 5611

Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • sími 511 5005 • www.husin.is



Íbúðin er fimm herbergja og á efri hæð.



EIGNAMIÐLUN
Mosfellsbæ



Einar Páll Kjærnestad,
Lögg. Fasteignasali

10 ár
í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 • Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • www.fastmos.is

Prastarhöfði 6, íbúð 301 - Mosfellsbær

OPIÐ HÚS



Einar Páll, fasteignasali tekur á móti gestum í dag mánudag á milli kl. 17:30 og 18:00 (GSM 899 5159).

Mjög falleg 104,3 fm, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt staði í bílageymslu við Prastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ. Mjög glæsilegt útsýni er úr íbúðinni, bæði til suðurs, norðurs og vesturs.

Íbúðin er laus til afhendingar strax! V. 26,9 m. 4545

Auglýsingasími

512 5050

- Mest lesið

Útsýnissvalir í suðurátt

Heimili fasteignasala er með til sölu fimm herbergja efri sérhæð í fjölbýlishúsi við Prastarhöfða.

Komið er inn í flísalagða forstofu með fataskápum. Hol er parketlagt. Opin sofa og eldhús með parketi á gólfi og útgangi á svalir í suður þaðan sem

er mikið útsýni. Hjónaherbergi með fataskápum og parketi á gólfi. Þrjú barnaherbergi með fataskápum og parketi á gólfi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með sturtuklefa, skápum og fallettri innréttingu. Þvottahús er með flísu á gólfi. Geymsla er með parketi á gólfi og góðum glugga. Í sameign er sérgeymsla og sameiginleg vagna- og hjólageymsla.

Húsið er flísalagt að utan og viðarklætt að hluta og því viðhaldslétt. Eignin er skráð 140,1 fermetri, íbúðarrými 136,3 fermetrar og geymsla í sameign 3,8. Stutt er í barna- og leikskóla ásamt sundlaug, íþróttaaðstöðu, golfvelli og mörgum skemmtilegum göngu- og hjólaleiðum.

Ásett verð er 36,5 milljónir.



STÓRBORG
fasteignasala

Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300

Kaupendur af eftirtöldum eignum

- Viðskiptavinur okkar óskar eftir því að skipta á fokheldu einbýlishúsi og tilbúnu, milligjöf staðgreidd allt að 30 milljónir. Óskar eftir staðsetningu í 108, 110, 112 og 113.
- Óska eftir einbýli á Seltjarnarnesi í skiptum fyrir minna raðhúsi á nesinu, hús má kosta allt að 110 milljónir. Staðgreiðsla í boði á milli.
- Óska eftir íbúð eða hæð í hverfi 105 í skiptum fyrir íbúð í sama hverfi. Staðgreiðsla í boði á milli.

- Viðskiptavinur okkar búsettur erlendis óskar eftir að kaupa einbýli eða sérhæð í Garðabæ, Kópavogi eða 101. Má kosta allt að 65 milljónir.
- Yfirmaður í opinberu fyrirtæki óskar eftir skiptum á rað/parhúsi í Fossvogi eða Grafarholti í staðin fyrir hæð í teigahverfi.

Leigjendur óska eftir þessum eignum

- Einbýli, rað eða parhús með bílskúr í helst í hverfi 113 eða 112. Lágmarksleigutími er 2 ár, góðar tryggingar í boði.
- Óska eftir 2 litlum íbúðum í hverfi 113.

Stefán Hrafn Stefánsson, hdl. og lggf. Nánari upplýsingar gefur Björn í síma 534-8300 eða 845-3083

Við óskum viðskiptavinum okkar sem og landsmönnum öllum

gleðilegra páska




Minum á heimasíðu okkar **heimili.is** þar sem finna má glæsilega og fjölbreytta söluskrá fasteigna af öllum gerðum.

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti. **Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa tveir öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnboogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500
heimili@heimili.is



páskaferðir

MÁNUDAGUR 6. APRÍL 2009

Aftur til fortíðar

Sigrún Valbergsdóttir
ætlar að verja páskunum
á Hornströndum. **SÍÐA 2**



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Velkomin til Ísafjarðar!


Í Tungudal eru fjölbreyttar brekkur við allra hæfi.

Barnalyfta og snjóbrettin eru ekki skilin útundan. Stökkpallar, bordercross brautir og fleira.

Gönguskíðasvæðið á Seljalandsdal er nánast alltaf opið þegar viðrar til útivistar. Brautir troðnar snemma á daginn 2,5, 3,5 og 5 km hringir. Frá Seljalandsdal liggja vegir til allra átta. Auðvelt að fara yfir á Breiðadalsheiði í Engidal. Einnig má fara upp á Kistufell og niður í Hnífsdal eða til Bolungarvíkur.

Fullkomin lýsing er á báðum svæðum.

Best er að afla sér upplýsinga í talhólfi skíðasvæðisins 878 1011.



ÞESSI ER MEÐ TUDOR



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 - 110 RVK - 577 1515 - skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

TUDOR
fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík og Selfossi og Barðanum Skútuvogi

...flísar...parket
teppi...dúkar...

Allt á gólfið á góðu verði !



ALFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

Tilboðsdagar fram að páskum

20 - 70 % afsl.
Sturtuklefar - Baðinnréttingar
Hreinlætistæki - Blöndunartæki
Baðker ofl.

BADHEIMAR

Baðdeild Álfaborgar
Skútuvogi 4 - sími: 525 0800

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



Í Fjarðabyggð verður gengið út í Páskahelli klukkan sex á páskadagsmorgun til að sjá sólaransinn ef þannig viðrar.



